

## Lystigarður Akureyrar

2022/31

Lystigarðsfélagið var stofnað árið 1909 og stuðlaði það að sköpun og ræktun Lystigarðsins, sem var formlega stofnaður 1912. Frumkvæðið kom frá danskri konu, Önnu Katharine Schiöth, en talið er að hún hafi séð um upphaflegu hönnun garðsins og var hún raunar lífið og sálin í öllum framkvæmdum fyrstu árin. Eftir að Anna lést var garðinum stjórnað af tengdadóttur hennar Margrethe Schiöth, sem um 30 ára skeið vann þar af fádæma fórnfýsi og áhuga um garðinn. Margrethe afhenti bænum garðinn árið 1953.

Eftir að bærinn tók við garðinum jukust mjög umsvif í honum. Jón Rögnvaldsson garðyrkjumaður var ráðinn forstöðumaður og í hans tíð var garðurinn stækkaður allverulega. Að lokum varð garðurinn um 3,7 hektarar að stærð en síðasta stækkunin fór fram árið 1994. Líklega er útilokað að hann muni stækka meira í framtíðinni sökum plássleysis.

Lystigarðurinn er fyrsti almenningsgarður sem komið var upp hér á landi, enda var Akureyri lengi í fararbroddi með ræktun og gróður. Einnig státar Lystigarðurinn af grasasafni en tildrög þess voru sú að garðurinn eignaðist nokkur hundruð tegundir innlendra og erlendra plantna úr einkasafni sem varð vísir að því safni sem garðurinn á í dag.

Í dag eru um 6500 tegundir plantna í Lystigarðinum, þar af eru nánast allar þær tegundir sem fyrirfinnast á Íslandi eða um 450. Einnig er þar starfrækt kaffihúsið Lyst (2022) sem er í einkarekstri.

Afhendingin barst frá Elínu Dögg Guðjónsdóttur skjalastjóra Akureyrarbæjar. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru nr. 147, 193, 2007/33 og 2020/46. Á safninu er einnig varðveitt gjörðabók Lystigarðsfélags Akureyrar 1910-1933.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

26. október 2022

Katrín Björg Þórisdóttir  
skjalavörður

## Geymsluskrá

Skjalaf. Askja ÖrktímabilEfni

2022 / 31

## B-Málaskrá og málafn

## BB-Málafn

1935 - 1991

BB	8	1	1935 - 1986	<p>Ýmis gögn varðandi Skróðgarðanefnd Akureyrarbæjar árin 1935-1986, m.a.: Starfslýsing forstöðumanns Lystigarðs Akureyrar 1979 Bréf frá Náttúrugripasafninu á Akureyri til Skróðgarðarnefndar Akureyrarbæjar 30. nóvember 1981 Samkomulag Náttúrugripasafnsnefndar og Skróðgarðanefndar um störf forstöðumanns Lystigarðsins á Náttúrugripasafninu 4. desember 1981 Greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir útivistarsvæði í Kjarna 1986 Lóðarsamningur lóðar sem liggur vestan Páls Bríms-götu á horninu sunnan</p>
BB	8	2	1983 - 1986	<p>Ýmis gögn varðandi Skróðgarðanefnd Akureyrarbæjar árin 1983-1986 II (umhv. m. nefnd), m.a.: Bréf frá Þóri Magnússyni Þjóðminjaverði og formanns húsafriðunarnefndar til bæjarráðs Akureyrar varðandi Eyrarlandsstofu og varðveizlu hennar til frambúðar 22. október 1986 Greinargerð með uppmælingu um Eyrarlandsstofu (Eyrarland) á Akureyri, til húsafriðunarnefndar ágúst 1983 Áætlun um kostnað við hugmynd að afmælisgjöf vegna 200 ára afmælis</p>
BB	8	3	1958 - 1985	<p>Ýmis bréf og önnur gögn frá árunum 1958-1985, m.a.: Bréf frá Stockholm Universitet, Bengt Jonsell Bréf frá Hinu íslenska náttúrufræðifélagi 1985 Bréf frá Búnaðarfélagi Íslands 1985 Athugun á vexti ýmissa trjáa- og runna á Íslandi 1984 Gögn varðandi Smithsonian Institution membership Garðyrkjubændaferð til Danmerkur í október 1985 Samskipti á milli Lystigarðsins og Hitaveitu Akureyrar 1985</p>
BB	8	4	-	Skipulag á beðum og hvaða plöntur fara í hvert beð. Ekkert ártal.
BB	8	5	- 1983	Fræpantanir frá Lystigarðinum fram til 13. september 1983 - eftir það eru þær á spjaldskrá.
BB	8	6	1970 - 1973	Fræsendingar fyrir Lystigarðinn 1970-1973.
BB	9	1	-	Fræskipti og fræafgreiðsla til erlendra stofnana. Ekkert ártal.
BB	9	2	1982 - 1982	Skipulag á beðum og hvaða plöntur fara í hvert beð - haustið 1982.
BB	9	3	1976 - 1980	Bréf frá Dr. Güngör Uzun, Department of Landscape Architecture Faculty of Agriculture, Adana árið 1976. Plöntulisti garðyrkjustöðvar Laugarbrekku 1980.
BB	9	4	1980 - 1980	Ýmis gögn varðandi "Ár trésins", m.a. bréf og greinargerð um útivistarsvæði Akureyrar árið 1980.
BB	9	5	1978 - 1984	<p>Bréf til Jóhanns Pálssonar frá eftirfarandi aðilum yfir árin 1978-1984, m.a.: Universitetet i Trondheim Hans Fasting, myndir og kveðjur og samskipti varðandi macro-fossil rannsóknir að Gásam í samstarfi við Náttúrugripasafnið Universität Hamburg Rannsóknastofnun Landbúnaðarins varðandi sýni sem voru tekin í lystigarðinum 1978 Royal Botanic Garden Edinburgh</p>
BB	9	6	1978 - 1980	<p>Gögn varðandi Náttúrugripasafnið á Akureyri: Stjórnarnefnd Náttúrugripasafnsins á Akureyri – fundur 9. janúar 1980 Ársskýrsla Náttúrugripasafnsins á Akureyri 1978</p>

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
BB	9	7	1979 - 1980	Afrit af almennum bréfum 1979-1980, m.a.: Bréf frá Vísindasjóði varðandi samþykki á átta hundruð þúsund króna styrk til rannsókna á óglöggum tegundaskilum nokkurra íslenskra háplantna, 23. maí 1979 Erindi til ýmissa erlendra aðila Vinnustaðfesting Heiðrúnar Guðmundsdóttur 23. september 1979
BB	9	8	1972 - 1972	Plöntuskrár Lystigarðs Akureyrar 1972: Listi íslenskra æðplantna 1972 Circumpolar arctic flora Gymnospermae
BB	9	9	1973 - 1973	Lystigarður Akureyrar – bréf 1973: Humbolt State University 31. maí 1973 Univeristy of Oulu 28. september 1973 – tilkynning um það að garðurinn þeirra verði tilbúin árið 1978 og meðfylgjandi plöntulisti yfir plönturnar sem verða í garðinum
BB	9	10	1972 - 1972	Vöruskrár, bæklingar, nótur, auglýsingar og bréf varðandi skiltagerð fyrir Lystigarð Akureyrar 1972 - New Hermes Engraving Machine Corp.
BB	9	11	1970 - 1972	Bókapantanir Lystigarðs Akureyrar 1970-1972.
BB	9	12	-	Ýmis gögn varðandi erlenda grasagarða - bréf, auglýsingar og bæklingar. Ekkert ártal.
BB	10	1	1960 - 1965	Gögn varðandi Grasagarðinn á Akureyri 1960-1965 - m.a. ýmis bréf og plöntulistar.
BB	10	2	1962 - 1966	Ýmis fjárhagstengd gögn á árunum 1962-1966, m.a.: Fjárhagsáætlun fyrir Lystigarð Akureyrar árin 1963, 1964, 1965 og 1966 Listi yfir áhöld og eignir Lystigarðs Akureyrar 1962, 1963 og 1964 Listi yfir áhöld og efnisleifar Garðræktunar og Fegrunar 1962, 1963 og 1964 Fjárhagsáætlun fyrir Garðrækt og fegrun 1963, 1964 og 1965
BB	10	3	1982 - 1982	Forkönnun á stjórnskipulagi Akureyrarbæjar – athugasemdir Skrúðgarða og Vinnuskólanefndar varðandi forkönnun Hagvangs h.f. frá júní 1982.
BB	10	4	1986 - 1988	Aðkomin og send bréf til og frá Lystigarðs Akureyrar á árunum 1986-1988, m.a. frá: International Association of Botanic Gardens Uppsala Universitet State University of Utrecht Universität Hohenheim Botanical Museum University of Helsinki
BB	10	5	1989 - 1991	Aðkomin og send bréf til og frá Lystigarðs Akureyrar á árunum 1989-1991, m.a. frá: Ministry of Agriculture and Fisheries New Zealand The University of Western Ontario Varðandi fræ frá Davíð Haraldssyni 1989 International Association of Botanic Gardens Garðyrkjufélag Íslands Alpine Garden Society
BB	11	1	-	Ýmsir úreltir pappírar varðandi blóma- og trjábeð, s.s. plöntulistar og skipulagning beða. Ekkert ártal.
BB	11	2	1983 - 1985	Afrit af blómabeðum 1983-1985.
BB	12	1	1988 - 1989	Listi yfir fjölærar plöntur í Lystigarðinum á árunum 1988-1989.
BB	12	2	1989 - 1990	Trjáa- og runnabeð árin 1989-1990 (uppkast + leiðréttingar).
BB	12	3	-	Listar yfir innfluttar fjölærar jurtir, einærar erlendar blómategundir og íslenskar plöntur. Ekkert ártal.

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
BB	13	1	1989 - 1989	Launaskýrslur, reikningar og annað tengt bókhaldi o.fl. 1989.
BB	13	2	1986 - 1986	Ýmis gögn varðandi beðin og plönturnar árið 1986, m.a.: Ný íslensk beð 1986 Íslenska beðið 1986 – hvað var til um vorið, hverju var safnað og hvar. Registur um latnesku plöntunöfnin Kort yfir anklískt beð og íslenskt beð Yfirlit yfir beð Plöntulistar
BB	13	3	1980 - 1981	Teikningar af beðum í Lystigarðinum á Akureyri - uppeldisreitir frá 1980 til haustins 1981.
BB	13	4	1981 - 1981	Uppeldisbeð í Lystigarði Akureyrar haustið 1981 - frumrit.
BB	13	5	1988 - 1990	Ýmis gögn frá 1988-1990, m.a.: Pantanir sem ekki komu 1989 Fjölærar plöntur dánar eða hent 1988 (á síðasta blaðinu 2 tegundir sem fóru 1987) Ýmsar upplýsingar um reitasvæði 1988-1990
BB	13	6	-	Beðaskipulag og plöntulistar. Ekkert ártal.